

**Ed.**

**335. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja fiskveiðar Íslendinga, einkum bátá-  
útveginn, með hagkvæmum stofnlánnum til skipa, fiskverkunarstöðva og verksmiðja  
til vinnslu úr sjávarafurðum.

**2. gr.**

2. gr. laganna orðist svo:

A. Stofnfé sjóðsins er:

1. Eignir fiskveiðasjóðs Íslands og skuldaskilasjóðs vélbátæigenda, eins og þær  
eru nú.
  2. Tillag úr ríkissjóði, ein milljón króna, samkvæmt lögum nr. 99 11. júní 1938.
- B. Tekjur sjóðsins eru:
1. Hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930,  
um fiskveiðasjóðsgjald.
  2. Helmingur þess útflutningsgjalds, sem ríkissjóður tekur árlega af hvers konar  
sjávarafurðum.
  3. Vextir.

**3. gr.**

Í stað orðanna „1½ milljón“ á tveim stöðum í 3. gr. laganna komi: 4 milljónum.

**4. gr.**

Í stað orðsins „fiskafurðir“ í lok 4. gr. laganna komi: sjávarafurðir.

**5. gr.**

5. gr. laganna orðist svo:

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Ef  
einnig er um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórnin metur gildar, má lána allt  
að ½ virðingarverðs, sé skipið smíðað hér á landi.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Lengsti lánstími samkv. a-lið 4. gr. er 15 ár.

6. gr.

Upphaf 7. gr. laganna orðist svo:

Vextir af lánum fiskveiðasjóðs skulu vera 4½% — fjórir og hálfur af hundraði.

7. gr.

Fyrir „Ákvæði 12., 13. og 14. gr.“ í 15. gr. laganna komi: Ákvæði 11., 12., 13. og 14. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 17 12. febr. 1940, um breytingar á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

9. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 99 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt sem lög um fiskveiðasjóð Íslands.